



# FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## VIÐAUKI

### Dæmi um viðtalsþætti vegna mats á hæfi stjórnarmanna í váttryggingafélögum

Við mat sitt er ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins gert að kanna þekkingu, skilning og viðhorf stjórnarmanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra í ítarlegu viðtali og byggja umsögn sína m.a. á þeim upplýsingum sem þar koma fram. Til glöggvunar á umfangi viðtalsins þá eru hér að neðan talin upp þau efnisatriði sem koma til með að mynda ramma viðtalsins.

#### 1. Þekking stjórnarmanns á starfsemi váttryggingafélaga almennt og starfsemi þess váttryggingafélags sem í hlut á sérstaklega

- Hverjar eru helstu skráðar réttarheimildir (lög, reglugerðir, reglur og tilmæli) á váttryggingamarkaði?
- Hverjar eru lagareglur um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi?
- Hvert er markmið opinbers eftirlit með váttryggingafélögum og hvernig er því háttað?
- Hverjar eru meginreglur um starfsheimildir váttryggingafélaga og starfsleyfi þeirra?
- Hver eru meginatriði laga um hæfisskilyrði stjórnarmanna váttryggingafélaga?
- Hver eru helstu ákvæðin um verkefni og skyldur stjórnar váttryggingafélaga?
- Hver er sérstaða váttryggingafélaga í samanburði við annan atvinnurekstur?
- Hvert er hlutverk áhættustýringar í váttryggingafélagi og hvernig ber að skipuleggja þann þátt í starfseminni?
- Hvaða áhrif hafa alþjóðareglur og alþjóðlegt samstarf á starfsemi váttryggingafélaga?
- Hver er réttarstaða aðila samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga?
- Framvinda og nýjungar á váttryggingamarkaði, t.d. Solvency II.

#### 2. Reikningsskil og endurskoðun á váttryggingamarkaði

- Hvaða lög/reglur/tilmæli tengjast ársreikningum, endurskoðun og endurskoðendum?
- Hver er rammi (Framework) fyrir gerð og framsetningu reikningsskila?
- Helstu alþjóðlegu reikningsskilastaðlar sem tengjast reikningsskilum váttryggingafélaga.
- Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, ISA, tilvist og markmið þeirra, t.d. ISA 200
- Hver er tilgangur og markmið reikningsskila og endurskoðunar?
- Hver ber ábyrgð á/hefur eftirlit með reikningsskilum/endurskoðun?
- Mikilvæg grundvallarhugtök í reikningsskilum/endurskoðun/samstæðureikningsskilum.
- Mikilvæg grundvallar hugtök og skilgreiningar í reikningsskilum váttryggingarfélaga, t.d. fjármálagerningar, eiginfjárgerningar, afleiður, váttryggingarsamningar, áhættustýring og áhættuvarnarreikningsskil o.fl.
- Sérreglur um reikningsskil (efnahagsreikning) váttryggingafélaga (Solvency II, váttryggingaskuld o.fl.).
- Kennitölur, millifyrirsagnir og framsetning ársreiknings váttryggingafélags.
- Hvernig er reikningsskilum váttryggingafélaga háttað og hver eru helstu álitamál sem upp geta komið við mat á fjárhags- og/eða rekstrarstöðu og horfum á grundvelli þeirra?
- Hlutverk ytri endurskoðanda – hvað þýðir „endurskoðaður ársreikningur“?
- Hvert er hlutverk endurskoðunarnefnda, innri endurskoðunar og innra eftirlits?
- Reikningsskil, váttryggingamarkaðurinn og samfélagið.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### 3. Hlutverk, ábyrgð og helstu verkefni stjórnar og einstakra stjórnarmanna í váttryggingafélagi

- Mótun áhættu- og viðskiptastefnu. Tengsl þessara tveggja stefnumótunarþátta.
- Mótun starfskjarastefnu og áhrif hennar á starfsemi váttryggingafélags.
- Eftirlitshlutverk stjórnar og framkvæmd þess. Val stjórnenda og samskipti við þá.
- Starfsreglur stjórnar, verklagsreglur og siðareglur.
- Ábyrgð stjórnarmanna á athöfnum sínum eða aðgerðaleyfi.
- Skyldur stjórnarmanna og góðir stjórnarhættir samkvæmt viðteknum viðmiðum viðskiptasamfélagsins.
- Áætlað vinnuálag sem stjórnarstörfin krefjast og helstu verkefni stjórnarmanns.
- Samfélagsleg ábyrgð og umboðsskyldur stjórnarmanna váttryggingafélaga.
- Meginmunur á verkefnum/ábyrgð stjórnarformanns og annarra stjórnarmanna.

### 4. Sjálfstæði, dómgreind og viðhorf

- Sjálfstæði stjórnarmanns og eðlilegar kröfur um sjálfstæði.
- Hagsmunatengsl stjórnarmanns og hugsanlegt vanhæfi í einstökum málum.
- Röksemdir stjórnarmanns fyrir eigin hæfi og hæfni og upplýsingar um reynslu og aðstöðu til að gegna starfi stjórnarmanns.
- Afstaða stjórnarmanns til raunhæfra dæma úr rekstri váttryggingafélaga sem mögulega verða nefnd.

2. janúar 2015

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ